

**Ed. 490. Frumvarp til laga [200. mál]**

um breyting á lögum nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**G r e i n a r g e r ð.**

Með lögum nr. 45 12. maí 1969 var hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps heimilað að selja Ingu Þórarinsdóttur jörðina Þykkvabæ í Landbroti. Skilyrði fyrir sölu jarðarinnar er skv. lögnum, að kaupandinn geri jörðina að ættaróðali.

Inga Þórarinsdóttir vill ekki kaupa jörðina, verði hún skylduð til að gera hana að ættaróðali, og hefur í bréfi til Alþingis 16. marz s.l. farið fram á, að söluheimildarlögnum verði breytt, þannig að skyldan til að gera jörðina að ættaróðali verði felld niður.

Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps hefur í bréfi til Alþingis, dags. 15. marz s.l., einnig farið fram á, að nefndum lögum verði breytt á þann veg, að ákvæðið um, að skylt sé að gera jörðina að ættaróðali, verði fellt úr lögnum.